Skýrsla 82

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 3. og 4. júní 1887.

(Framh.)

Reikningarnir úr Þingeyjarsýslunum voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að rannsaka og úrskurða þá.

27. Fram lagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1886, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið áður, til rannsóknar og úrskurðar.

a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.

b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur. Reikningur var fram lagður yfir tekjur og gjöld hins svo nefnda »Brúarsjóðs» fyrir 1886. Eign sjóðsins við árslok var 96 kr. 69 a.

c. Reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu úrskurðast á þessa leið:

Athugasemd endurskoðanda sýslunefndarinnar um leifar af efni í Þverárbrúna í Kaupangssveit ber reikningshaldara að taka til greina.

Fylgiskjölin 10., 11. og 12. um vegabætur i Þóroddsstaðahreppi, í Hrafnagilshreppi við »Forvaðann» og í Vallahreppi gefa enga lýsingu á vegagjörðunum, og ályktaði amtsráðið að skora á sýslumann, að skýra gjörr frá þessum vegagjörðum, og skulu yfir höfuð sýsluvegasjóðsreikningum fylgja skoðunargjörðir tilkvaddra manna á unnum vegagjörðum, eða þá lýsing sýslumanns sjálfs á vegum þeim, sem lagðir hafa verið, eða á endurbótum á þeim, hafi hann sjálfur haft tækifæri til að skoða verk þau, er unnin hafa verið.

d. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.

Reikningarnir úr báðum Þingeyjarsýslunum og úr Norðurmúlasýslu voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að yfirfara þá og úrskurða.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var því fundi slitið.

Akureyri, 21. júní 1887.

Í fjærveru amtm. Havsteens

St. Thorarensen.

settur.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um endurgjald kostnaðar við flutning og geymslu vitfirrings.** — Með þóknanlegu brjefi dagsettu 24. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá bæjarfógetanum i Reykjavík með 12 fylgiskjölum, þarsem skotið er til úrlausnar landshöfðingjans ágreiningi milli Reykjavíkur kaupstaðar og Mjóafjarðarhrepps um greiðslu kostnaðarins við gæzlu, framfærslu og flutning á vitskertum manni, Jóhannesi Guðmundssyni, sem er viðurkenndur sveitlægur í Reykjavík. 84 6. júní

Út af þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir bæjarfógetanum í Reykjavík, að með því að skjöl málsins bera með sjer að þjer og amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu eruð á eitt sáttir um, hvernig beri að endurgjalda umgetinn þurfamannakostnað, þá er með því lagður fullnaðarúrskurður á þetta mál samkvæmt þurfamannareglugjörð 8. janúar 1834, 3. gr., 4. málsgr.

24. dag septbrmán. 1887.

Reykjavík 1887. Prentsmiðja Ísafoldar.